

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Jófríðarstaði, Skuld og Lynghvamm nr. 5-6 vegna Jófríðarstaðavegs 8b.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. janúar 2026 breyting á deiliskipulagi sem felur í sér stækkun byggingarreits lóðarinnar til að koma fyrir viðbyggingu við suðurgafli húss og stakstæðum bílskúr.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 12. janúar 2026.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,
Anna Margrét Tómasdóttir verkefnastjóri.

B deild - Útgáfudagur: 26. janúar 2026